

220/21

- Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 4. júlí 2005 kl. 15:00 á skrifstofu héraðsnefndar. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Erindi Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi
  
1. Bréf heilbrigðisstofnunarinnar dags. 27. júní s.l. þar sem óskað er eftir heimild til að fyrirhuguð bygging heilsugæslustöðvar á Skagaströnd verði byggð á lóð Sæborgar og verði sambyggð og inntök fyrir vatn og rafmagn verði samnýtt. Héraðsráðið fór yfir uppdrátt sem fylgir með bréfinu og samþykkir fyrir hönd héraðsnefndar að heilsugæslustöðin verði byggð á lóð Sæborgar eins og gert er ráð fyrir á uppdrættinum. Einnig er samþykkt samnýting á rafmagnsinntaki og inntaki fyrir kalt vatn. Óskað er eftir að hitatúpa heilsugæslunnar verði staðsett í kjallara Sæborgar og er það hér með samþykkt. Héraðsráð telur nauðsynlegt að gerður verði samningur milli aðila um þessi efni.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:30.

-----  
Valgarður Hilmarsson

-----  
Jóhann Guðmundsson

-----  
Magnús B. Jónsson